

Fundargerð - 8. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068
Skráð: 11.05.2009
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Mættir:

Indriði H. Þorláksson (form.), Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Helga Valfells, Jónína Lárusdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Charles Williams, Andrew Lynn, Andrew Spears og Rupert Pepper frá Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson skráði fundargerð.

Aðgerðaratriði:

Nefndin ákvað að halda áfram mati á endurskipulagningarhæfni bankanna með aðstoð sérfræðinga sem hefst í næstu viku.

Skilmálar og viðmið fyrir endurskipulagningarsérfræðinga sendist BRG.

AS mun ræða skaðleysisfirlýsingu við Elaine Murphy from BL.

Næsti fundur ráðgerður þriðjudaginn 11. maí kl. 10.00.

1. Ójafnvægi

CW greindi frá að það hefði orðið þýðingarmikil þróun á ýmsum sviðum upp á síðkastið. Vextir hefðu verið lækkaðir og allir bankarnir væru að vinna markvisst.

AS sagði að bæði Íslandsbanki og Landsbanki væru að skoða áhrif þess að geta ekki gert skiptasamninga. Báðir bankar hafi hætt við skyndi enduruppfærslu. Íslandsbanki vill færa niður gengislán með hliðsjón af fjármögnunarkostnaði frá október. Það er nauðsynlegt að gera áreiðanleikakönnun um þá tillögu. Það mun hafa vandræði í för með sér í reikningum. Þetta mun hinsvegar gera þeim kleift að bókfæra hagnað til lengri tíma.

Landsbankinn vill að vextirnir á skuldabréfinu verði mjög lágir vegna lítilla tekna.

Þessar tillögur leysa ekki FX ójafnvægið. Enduruppfærslu yrði dreift á 5 ár (jafnvel svo stutt sem 2-3 ár)

ÞÞ sagði að bankarnir teldu að þeir þyrftu að geta boðið 7- 8 % vexti. FX lán hefðu nú 4-5 % vexti.

Landsbankinn telur ekki þörf á samræmdum nálgunum með tilliti til FX vandans.

ÞÞ sagði að enduruppfærsla veðlána yrði að vera samræmd. Kaupþing myndi ekki geta farið sömu leið og Landsbanki og Íslandsbanki þar sem þar yrði væntanlega ekki neitt skuldabréf.

CW sagði að Íslandsbanki myndi þurfa meira eigið fé.

AS sagði að tillaga Íslandsbanka mæltist ekki vel fyrir hjá lánardrottnum. Íslandsbanki er að íhuga vandamálið sem kaupandi eigna. Báðir gætu þurft aðstoðar ríkisstjórnarinnar til að brúa bilið milli þessara tveggja þátta. Afstaða Landsbankans virðist hafa meira aðdráttarafl hjá lánardrottnum.

BRG vakti athygli á því að nán tenging er á milli Icesave samningaviðræðnanna og Landsbankaskuldabréfsins. (Til þessa voru allir refir skornir ath. þýðanda)

ÞP sagði að Landsbankinn væri mjög mótfallinn því að taka upp skiptingu (efnahagsins). AS sagði að það væru gild rök fyrir því að breyta ekki stefnu.

JL sagði að október stefnan hefði verið mörkuð til að verja innlenda bankann. Stefubreyting gæti leitt til lagalegra álitafna.

ÞP sagði að skilgreining skiptingar efnahags væri vandræðamál vegna þess að skuldbréfið væri neikvætt í Kaupþingi (gamli skuldaði þeim nýja ath. þýðanda) og það væri mjög lágt í Íslandsbanka.

ÞP greindi frá því að bankarnir væru mun virkari nú en fyrst í mars.

2. Viðskiptaáætlanir

CW sagði að Hawkpoint væri ánægt með vandvirkni viðskiptaáætlananna. Vinna þyrfti frekar að þeim og þau yrðu síðan rædd nánar í næstu viku.

AS sagði að vextirnir í viðskiptaáætlunum væru byggðir á útreikningum Fjármálaráðuneytis með lágsta vaxtapunkt í 4 % 2011. Bankarnir eru mun arðminni við 10 % vexti. Bankarnir sýna jákvæða afkomu í viðskiptaáætlununum en fara mismunandi leiðir að markinu.

AL sagði að HP ætti gott samstarf við bankana. Það væri hinsvegar smá titringur vegna þess að þeir vildu einhverja umbun.

AL sagði að það þyrfti að áreynsluprófa viðskiptaáætlanirnar.

3. Endurskipulagning bankanna.

Íslandsbanki telur mönnun sína hæfilega. Kaupþing og Landsbanki ráðgera að fækka útibúum og minnka mönnun á komandi árum. Engar meiriháttar kostnaðarlækkunarir.

AS sagði að kostnaðurinn væri ekki stærsta vandamálið.

HV sagði að bankarnir þörfuðust breyttra rekstrarforsenda til að ná virði úr eignasöfnunum.

AS sagði að Deloitte væri þeirrar skoðunar að mikillar vinnu væri þörf við að styrkja endurskipulagningar getu bankanna. Þeir aðhylltust ekki þá skoðun að vinna það utan bankanna.

HV sagði að hluti vandans væri að reynslumesta fólkið hefði verið við störf í erlendum deildum bankanna.

CW sagði að þekkingargrunnur bankanna hefði styrkst síðustu 2-3 mánuði. Allir væru bankarnir hlynntir sjálfstæðri skoðun, ytri skoðun / endurskoðun og utanaðkomandi aðstoð. Kaupþing vildi helst fá aðstoð frá Skandinavíu.

AS sagði að endurskipulagningar geta bankanna myndi batna verulega með formlegum skýrslum Deloitte sem tæki til að vinna með.

ÞP sagði að verkefni í hverjum banka fyrir sig væru mismunandi. Einfaldast væri verkefnið hjá Kaupþingi á meðan Landsbankinn væri með mikinn fjölda smá fyrirtækja í viðskiptum. Kaupþing væri búið að ráða

aðila til endurskipulagningarinnar jafnframt væru á milli 20 -30 starfsmenn í hvorum banka sem sinntu þessum verkefnum. Lagalega hliðin væri hinsvegar til trafala.

BRG upplýsti að Mats Josefsson teldi það tímasóun að vera að ráða sérfræðinga til að greina vandamálið. Það væri raunverulegt og ljóst og nauðsynlegt að ráðast á það.

AS sagði að mikill árangur hefði náðst með bönkunum síðastliðna 2 mánuði að bættum samskiptum við fjármálaráðuneytið. Bankarnir hefðu verið hvattir til að axla ábyrgð. Það væri nauðsynlegt að halda áfram á þessari braut samvinnu og ábyrgðarþátttöku bankanna. Matsferlið myndi standa 2 - 3 vikur og gæti byrjað í næstu viku.

AL sagði að bankarnir fögnuðu allri aðstoð. HP hefði hinsvegar ekki nægar upplýsingar til að ákveða hvort AMC leiðin væri vænleg. AMC yrði hinsvegar ekki notað ef það væri valkvætt að eigin frumkvæði (voluntary).

HV sagði að AMC yrði að vera að eigin frumkvæði ef skuldbindingarnar yrðu eftir í bókum bankanna en endurskipulagningin að fara fram í AMC.

Nefndin samþykkti að halda áfram yfirferð um endurskipulagningargetu bankanna með aðstoð sérfræðinga í næstu viku.

4. Endurskoðun.

AL sagði að endurskoðun væri ekki komin almennilega í gang. Ríkisendurskoðun falið að gefa út leiðbeiningar um aðferðarfræði. Endurskoðunin þarfnast úrlausnar opinna staða áður en henni verður hægt að ljúka.

5. Fjármögnun.

Viðskiptaáætlanirnar þarf að áreynsluprófa.

ÞP sagði að bankarnir myndu óska eftir meira eigin fé en þörf væri á.

6.Lánardrottnar.

Lítið farið fyrir þeim málum síðustu vikur. (Icesave viðræður ?)

Þriðja bréf um aðferðarfræði hefur verið sent út. Það mun hjálpa lánardrottnum að skilja gang mála og auðvelda það að komast framhjá dagsetningunni 18.05.

BRG sagði að þýsku lánardrottnarnir hefðu athugasemdir við skaðleysisyfirlýsingarnar.

AS falið að hafa samband við BL fulltrúann til að ræða vandamálið.

7.Skuldbréf.

Allir nýju bankarnir eru að skoða skuldbréfin og það hvernig þau falla að þeirra viðskiptaáætlunum.

AS sagði að fjöldi kröfuhafa svo sem þýskir bankar vildu ekki hlutabréf. Eigendur skuldbréfa (ekki forgangskröfur ath.s þýðanda) væru þó áhugasamari um þá leið. Hann telur betra að halda hlutabréfunum og selja þau síðan til eins erlends aðila heldur en að þynna þau út í gegnum skuldaskilaleið.

HV spurði hvort það gæti styrkt stöðu ríkisstjórnarinnar að hafa boðið lánardrottnunum bankanna þótt þeir myndu hafna þeirri leið. Hægt væri að setja vissar reglur um meðferð hlútafjárins.

AS sagði að þetta væri góð hugmynd en þarfnaðist betri athugunar.

JL sagði að erlent eignarhald myndi leysa mikið af þeim vandamálum sem áður hefðu verið rædd.

CW ríkisstjórnin verður að leggja fram raunverulegt hlutafé. Nauðsynlegt að vita hvort vistun (constituence) eignarhalds er sú rétta.

8. Lögfræðileg álitamál.

AS sagði að forgangsréttur innlánanna væri sársaukafyllri fyrir lánardrottnanna en uppskipting bankanna.

Könnunarviðræður hafa átt sér stað við Lovells. Þeir munu kynna sitt mál á þriðjudag. Íslenskir lögfræðiráðgjafar verða jafnframt viðstaddir.

AS dró upp þrjár leiðir til samkomulags:

1. Formlegan nauðasamning með atkvæðapáttöku allra kröfuhafa (sparifjareiganda líka?ath.s þýðanda)
2. Atkvæðagreiðsla kröfuhafa. Það myndi staðfesta ákvörðun en ekki vera lagalega bindandi. Þetta gæti þýtt breytta lögsögu / varnarþing.
3. Stuðningur einstakra kröfuhafa.

Það yrði samt sem áður erfitt að ná samkomulagi ef ekki verður unnið úr forgangi sparifjareigenda.

JL sagði að samræmingarnefndin hefði rætt það að stofna stuðningshóp lögfræðinga.